

Rekstraraðilar skíðasvæðisins í Skarðsdal

Óskað er eftir áhugasömum rekstraraðilum til að taka að sér rekstur og starfsemi skíðasvæðisins í Skarðsdal með það að markmiði að efla skíðaiðkun, auka aðsókn að skíðasvæðinu og byggja upp jákvæða ímynd þess.

Gerður er sérstakur rekstrarsamningur við rekstraraðila sem kveður á um veitta þjónustu, skyldur og skilmála. Samningurinn er til þriggja ára með möguleika á framlengingu.

Um er að ræða rekstur á skíðasvæðinu í Skarðsdal, lyftum og búnaði og öllum þeim tækjum sem tilheyra rekstrinum, troðsla og umsjón með gönguskíðabrautum auk reksturs skíðaskála og veitingasölu.

Við val á rekstraraðila verður viðhaft samningaferli.

Áhugasamir eru beðnir að skila inn umsókn fyrir **1. ágúst nk.** á netfangið **kolbeinn@graenafli.is** ásamt smá greinargerð um framtíðarsýn þeirra varðandi rekstur skíðasvæðisins.

Nánari upplýsingar veitir Kolbeinn Óttarsson Proppé í s. 659 0860
Stjórn Leyningsáss ses

